



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1309

FUNDARBOÐ

1309. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
10. mars 2020 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1610064 - Erindisbréf og reglur - endurskoðun

Erindisbréf fyrir ráð, svið og sviðsstjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs, skóla- og frístundasviðs, velferðar- og mannréttindasvið og skipulags- og umhverfissvið voru samþykkt nýverið og hefur þeim verið vísað til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

2. 2001210 - Umbótavinna á rekstri og innra vinnulagi hjá Akraneskaupstað

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 27. febrúar síðastliðinn að ráðast í umbótavinnu á rekstri og innra verklagi hjá Akraneskaupstað samkvæmt verkefnatillögu frá Capacent ráðgjafafyrirtæki. Gert er ráð fyrir að vinnan hefjist þann 1. mars og áætluð verklok eru eigi síðar en þann 1. júní næstkomandi. Markmiðið er að ná fram aukinni skilvirkni í starfsemi stjórnarsýslu sveitarfélagsins með breytingum á stjórnun, verkferlum og samstarfi, ásamt því að kanna m.a. frekari hagnýtingu upplýsingatækninnar í þessu skyni.

Bæjarráð samþykkti að veita fjármunum til verkefnisins, samtals að fjárhæð kr. 3.700.000 án virðisaukaskatts. Bæjarráð samþykkti samhliða því viðauka nr. 5 að sömu fjárhæð sem skal ráðstafað af deild 20830-4995 og á deild 21400-4390. Ákvörðunin hefur ekki áhrif á áætlaða rekstrarniðurstöðu ársins. Bæjarráð vísaði viðaukanum til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

3. 1911175 - Styrkir til íþróttar- og menningarverkefna

Auglýst var eftir styrkumsóknum til menningar- og íþróttaverkefna í nóvember síðastliðinn og rann umsóknarfrestur út þann 16. desember. Menningar- og safnanefnd lagði tillögum að úthlutun styrkja fyrir bæjarráð sem tók málið fyrir þann 27. febrúar sl.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 6 að fjárhæð kr. 3.850.000 sem skal ráðstafað af deild 20830-5948 og inn á deild 05890-5948. Ákvörðunin hefur ekki áhrif á áætlaða rekstrarniðurstöðu ársins. Mismuninum, samtals að fjárhæð kr. 950.000, verður ráðstafað síðar á árinu af forstöðumanni menningar- og safnamála í samráði við menningar- og safnanefnd. Bæjarráð vísaði viðaukanum til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

Fundargerðir til kynningar

4. 2001002 - Fundargerðir 2020 - Bæjarráð

3403. fundargerð bæjarráðs frá 27. febrúar 2020.

3404. fundargerð bæjarráðs frá 6. mars 2020.

5. 2001004 - Fundargerðir 2020 - Skóla- og frístundaráð

125. fundargerð skóla- og frístundaráð frá 3. mars 2020.

6. 2001003 - Fundargerðir 2020 - Velferðar- og mannréttindaráð

122. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 4. mars 2020.

7. 2001007 - Fundargerðir 2020 - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

106. fundargerð stjórnar Höfða frá 10. febrúar 2020.

8. 2001014 - Fundargerðir 2020 - Faxaflóahafna

188. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 28. febrúar 2020.

9. 2001015 - Fundargerðir 2020 - Orkuveita Reykjavíkur

284. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 27. janúar 2020.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.